

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1093**

2021/EES/26/34

frá 24. júlí 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virkum efnum, sem samþykki fyrir rennur út á bilinu frá 31. mars 2025 til 27. desember 2028, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 ⁽²⁾ er mati á virkum efnum úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis og meðskýrslugjafaraðildarríkis í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun. Þar eð mati á virkum efnum, sem samþykki fyrir rennur út á tímabilinu frá 31. mars 2025 til 27. desember 2028, hefur ekki enn verið úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis eða meðskýrslugjafaraðildarríkis er rétt að slík úthlutun fari fram nú.
- 2) Úthlutunin ætti að vera með þeim hætti að ábyrgðinni og vinnunni verði dreift jafnt á milli aðildarríkjanna.
- 3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 686/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2021. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2009. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stj. 2012. ESB L 200, 27.7.2012, bls. 5).

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi D-hluta er bætt við:

„D-HLUTI

Úthlutun á mati á virkum efnum sem samþykki fyrir rennur út á bilinu frá 31. mars 2025 til 27. desember 2028

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
alfasýpermetrín	FR	AT
<i>Bacillus amyloliquefaciens</i> undirteg. <i>plantarum</i> stofn D747	NL	SK
<i>Bacillus amyloliquefaciens</i> af stofni MBI 600	NL	SK
<i>Beauveria bassiana</i> af stofni NPP111B005	BE	RO
<i>Beauveria bassiana</i> af stofni 147	BE	RO
Bentasón	PL	EL
Bordeaux-blanda	IT	PL
Krómafenósíð	CZ	MT
Koparhýdroxíð	IT	PL
Koparoxíð	IT	PL
Koparoxýklóríð	IT	PL
Sýantranilípról	ES	FI
Fenpícoxamíð	SE	BG
Flúpyradífúrón	EL	PL
Gammasýhalótrín	DE	ES
Halauxifenmetýl	HU	SE
Ísófetamíð	PT	IE
Mandestróbín	SE	NO
Meptýldínókap	HR	DE
Metoxýfenósíð	FR	HU
<i>Metschnikowia fructicola</i> af stofni NRRL Y-27328	NL	HR
Oxapíapíprólín	NO	CZ
Pínoxaden	FI	BE
Própýsamíð	DK	DE
Reskalúr	IE	PT
Súlfoxaflóur	AT	ES
Terpenóíðblanda QRD 460	FR	DK
Tríbasískt koparsúlfat	IT	PL“